



Knattspyrnuráð ÍBV
Óskar Snær Vignisson, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 17. ágúst 2023

Úrskurður: Framkoma áhorfenda í leik ÍBV og Vals í Bestu deild kvenna

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 15. ágúst 2023, var tekin fyrir skýrsla frá dómara á leik ÍBV og Vals í Bestu deild kvenna sem fram fór þann 29. júlí sl. Í samræmi við ákvæði 5.1.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara KSÍ í leikjum í Íslandsmóti KSÍ. Skýrsla dómara í leiknum er svohljóðandi:

„Í leik liðanna á Hásteinsvelli varð aðstoðardómari 1 (AD1), Ásgeir Viktorsson fyrir forkastanlegum ummælum áhorfenda og stuðningsmanna ÍBV er höfðu komið sér fyrir aftan við athafnasvæði hans, þ.e. hliðarlínu leikvallarins sem er nær stúkunni. Það svæði er ekki hluti af áhorfendastúku vallarins og utan þess svæðis sem merkt er áhorfendum Ummælin sem fram komu voru af þeim toga að þau gátu vakið óhug og vanlíðan hjá AD1 og áttu ekkert skylt við knattspyrnu.

AD1 óskaði eftir því við gæslu á vellinum að þeir sem höfðu látið ummælin falla yrðu fjarlægðir eða að minnsta beint upp í áhorfendastúku. Að þeirri ósk varð gæslan ekki og fengu áhorfendurnir því óréttir að halda hegðun sinni áfram.

Enginn eftirlitsmaður á vegum KSÍ var á leiknum og því berst tilkynningin um þetta atvik til KSÍ með þessum hætti.

Hér að neðan má sjá einhver af þeim ummælum sem AD1 þurfti að sitja undir á meðan að á leik stóð.

- „þú ert andskotans hálviti“

- „helvítis aumingi“

- „þú ert fótboltanum til skammar“

- „það er KSÍ til skammar að senda svona hálvita eins og þig“

- „þú ættir að hengja þig“

- „það þyrfti að hengja þig“

- „það ætti að skjóta þig í hausinn“

Í frásögn AD1 kom fram að fleiri ummæli hefðu fallið sem hann gat ekki rifjað upp nákvæmlega.“

Á fundi þann 8. ágúst leit aga- og úrskurðarnefnd svo á að framkoma áhorfenda ÍBV, sem lýst er í tilvitnaðri skýrslu eftirlitsmanns, gæti varðað við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og grein 12.9.d) reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Taldi nefndin því brýnt að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá viðkomandi aðildarfélagi áður en málið yrði tekið fyrir.

Á fundi nefndarinnar þann 15. ágúst 2023 lá fyrir greinargerð frá Knattspyrnudeild ÍBV sem barst nefndinni þann sama dag. Í greinargerð ÍBV kemur m.a. fram að ekki sé dregið í efa að dómari fari með rétt mál og er harmað að svona hafi átt sér stað. Það sem þarna er lýst eigi enga samleið með íþróttastarfi og mun knattspyrnuráð beita sér í því að svona endurtaki sig ekki. Fyrir hönd ÍBV dómarrann, Ásgeir Viktorsson, beðinn afsökunar og það vonað að hann taki á engan hátt mark á svona dapurlegum ummælum, heldur haldi áfram sínu góða starfi. Þá er áréttað að verkferlar gæslu verði endurskoðaðir eftir að

Þetta erindi barst frá KSÍ, allt til að reyna eftir bestu getu að koma í veg fyrir að svona endurtaki sig

Að virtri greinargerð knattspyrnudeildar ÍBV og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit nefndarinnar að framkoma áhorfenda í framangreindum leik ÍBV og Vals hafi verið vítaverð og falli undir ákvæði 12.9.d. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 200.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.“

Með vísan til framangreinds ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að sekta knattspyrnudeild ÍBV vegna framkomu áhorfenda í garð dómara í leik liðsins við Val í Bestu deild kvenna. Með tilliti til viðbragða og ráðstafana knattspyrnudeildar ÍBV vegna þeirra atburða sem lýst er í skýrslu eftirlitsmanns, þykir upphæð sektar knattspyrnudeildar ÍBV hæfilega ákveðin kr. 100.000. Til grundvallar niðurstöðu vísar nefndin einnig til e) liðar 2. mgr. 16. gr. agareglna FIFA en í samræmi við grein 23.2. eru agareglur FIFA (*FIFA Disciplinary Code*) ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar, eftir því sem við á. Ákvæði e) liðar 2. mgr. 16. agareglna FIFA er svohljóðandi:

All associations and clubs are liable for inappropriate behaviour on the part of one or more of their supporters as stated below and may be subject to disciplinary measures and directives even if they can prove the absence of any negligence in relation to the organisation of the match:

e) the use of gestures, words, objects or any other means to transmit a message that is not appropriate for a sports event, particularly messages that are of a political, ideological, religious or offensive nature;

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild ÍBV skal sæta sekt að upphæð kr. 100.000,- til KSÍ.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson